

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tilgreindum opinberum gjöldum til að koma í veg fyrir að halli á ríkissjóði verði meiri en áætlað var. Nánar tiltekið er um að ræða hækkunir á áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi (15%), bifreiðagjaldi (10%), olíugjaldi (5 kr.) og almennu vörugjaldi á bensín (10 kr.). Gjöldin voru síðast hækkuð í desember 2008.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að olíugjald hækki minna en bensíngjald í því skyni að ýta undir dísilvæðingu bílflotans. Til að draga úr áhrifum hækkanna á flutningskostnað er lagt til að kílómetragjald, almennt og sérstakt, lækki (20%) og einnig að endurgreiðsluhlutfall olíugjalds vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum hækki (5%).

Áætluð áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs á þessu ári nema um 2,7 milljörðum kr. og samtals 4,4 milljörðum kr. á ársgrundvelli.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að ákvæði til bráðabirgða falli brott og telur að það hafi ekki sjálfstæða þýðingu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Alþingi, 28. maí 2009.

Helgi Hjörvar,
form., frsm.

Lilja Mósesdóttir.

Magnús Orri Schram.

Álfheiður Ingadóttir.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.